

# Aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf. 2024

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, **fimmtudaginn 21. mars 2024**, auk þess sem gefinn er kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Fundurinn hefst kl. 16.00.

## Drög að dagskrá eru eftirfarandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2023.
- Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins.
- Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og greiðslu arðs.
- Samþykkt starfskjarastefnu félagsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðunarfélags.
- Kosning tilnefningarnefndar félagsins.
- Kosning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.
- Tillögur um heimild til kaupa á eigin hlutum.
- Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa þar um. Mikilvægt er að tillögur berist með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund, eða kl. 16.00 mánudaginn 11. mars 2024, sbr. 12. gr. samþykka félagsins. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is).

Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir aðalfund með tölvupósti á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) eða á aðalfundinum sjálfum. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar fimmtudaginn 14. mars 2024 til samræmis við samþykktir félagsins.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum **Lumi AGM**. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður snjallforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á [vefsíðu félagsins](#). Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

**Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á skráningarsíðu fundarins: <https://www.lumiconnect.com/meeting/visinsuranceagm2024> eigi síðar en kl. 16.00 þann 19. mars 2024, eða tveimur dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur. Miðast atkvæðisréttur á fundinum því við hlutafjäreign kl. 16:00 þann 19. mars 2024.**

Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins nema réttmæt krafa um margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Vakin er athygli á ákvæði 19. gr. samþykka félagsins um stjórnarkjör þar sem m.a. er fjallað um kynjahlutföll.

Samkvæmt 15. gr. a. í samþykktum félagsins er starfandi tilnefningarnefnd hjá félaginu, sem gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Nefndin birti tilkynningu í fréttakerfi Kauphallar þann 18. janúar sl. þar sem óskað var eftir tilnefningum eða framboðum til stjórnar félagsins. Nefndin birtir rökstudda tillögu sína um samsetningu stjórnar ásamt skýrslu nefndarinnar samhliða fundarboði þessu. Hægt er að tilkynna um framboð til stjórnar með tölvupósti á netfangið [tilnefningarnefnd@vis.is](mailto:tilnefningarnefnd@vis.is) fram til laugardagsins 16. mars kl. 16.00, en þau framboð hljóta ekki umfjöllun tilnefningarnefndar. Framboðseyðublað má finna á [vefsíðu félagsins](#). Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða aðgengilegar á [vefsíðu félagsins](#) eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, auk þess sem þær verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins.

Óskað er eftir framboðum til tilnefningarnefndar. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skulu tilkynna stjórn um framboð sitt eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund með tölvupósti á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is). Framboðseyðublað má finna á [vefsíðu félagsins](#). Stjórn mun fara yfir framboðstilkynningar og kalla eftir viðbótargögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir. Upplýsingar um frambjóðendur til setu í tilnefningarnefnd verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Aðalfundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillögur stjórnar til aðalfundar, tillaga um starfskjarastefnu, skýrsla tilnefningarnefndar, ásamt umboðsformum er nú aðgengilegt á [vefsíðu félagsins](#). Í tillögum stjórnar má finna tillögur að breytingum á samþykktum sem fela í stuttu máli í sér eftirfarandi:

- Lagt er til að við samþykktir félagsins bætist bráðabirgðaákvæði I sem veitir stjórn heimild til að breyta heiti félagsins í 1. gr. samþykka félagsins í framhaldi af því að fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitir heimild til yfirfærslu váttryggingarekstrar félagsins í dótturfélagið VÍS tryggingar hf.
- Lagt er til að við samþykktir félagsins bætist bráðabirgðaákvæði II sem veitir stjórn félagsins heimild til að hækka hlutafé félagsins í áföngum um allt að kr. 65.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga í samræmi við kaupréttaráætlun félagsins og/eða til að mæta kaupréttum vegna greiðslu kaupauka.

Önnur gögn vegna aðalfundar, s.s. endanleg dagskrá og tillögur, ársskýrsla félagsins, skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og enskar þýðingar fundargagna verða gerð aðgengileg eigi síðar en fimmtudaginn 7. mars n.k. á [vefsíðu félagsins](#). Aðalfundurinn fer fram á íslensku. Sé misræmi milli fundargagna á íslensku og ensku, gildir íslenska útgáfan. Óski hluthafar eftir enskri túlkun á fundinum skal senda skriflega beiðni þess efnis á netfangið [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is) fyrir lok dags 7. mars 2024.

Reykjavík, 28. febrúar 2024  
Stjórn Váttryggingafélags Íslands hf.